

Stöndum saman

OFT MÁ lesa sögur í fjölmiðlum af fólki sem kerfið hefur algerlega brugðist. Ég er sjúklingur með geðhvörf og umgangst töluvert af fólki sem er veikt og kerfið hefur leikið illa, þótt það eigi ekki við í mínu tilvik.

Það sem fólk með geðræna sjúkdóma þarf að ganga í gegnum er lýginni líkast, í sumum tilfellum margra ára vonlaus barátta fyrir mannréttindum. Dæmi 1: Fimmtug kona, vinnuþjarkur alla sína tíð. Í hana er fleygt 50.000 kr. á mánuði. Dæmi 2: Ung einstæð veik tveggja barna móðir. Hún hefur beðið í kerfinu í eitt og hálf ár eftir aðstoð en ekkert gerist. Ég skammast mín fyrir hönd þjóðarinnar.

Á ári hverju fara 30 milljarðar í „geðbatteríð“ sem er skammarlegt, sérstaklega þar sem við flest komum aftur og aftur og ekkert er gert til að



Charlotta María
Guðmundsdóttir

koma í veg fyrir það af hálfu hins opinbera!

Einmitt núna er ég að horfa upp á vinkonu mína, sem búsett er úti á landi, hætta sinni lyfjatöku. Hvar endar þetta hjá henni? Inni á geðdeild aftur. Þetta á ekki að þurfa að gerast. Aukin meðferðarúr-ræði eru okkur geðsjúkum lífsnaúðsynleg.

Það má með sanni segja að krabbameins-sjúklingur sé umkringdur sinni fjölskyldu, sem sækir hann fylktu liði þegar hann fylktu kemur. Geðsjúklingur tekur leigubíð heim einn, ef hann hefur þá efni á því. Hvað biður hans? Oft ekkert.

Hér er ég ekki að setja út á starfsfólk geðeilda eða endurhæfinga-deilda sem flest allt er yndislegt. Ég er einungis að velta fyrir mér framhaldinu. Því miður gerast hræðilegir hlutir og fólk kemur aftur og aftur.

Kerfið

Við flest komum aftur og aftur, segir
Charlotta María Guðmundsdóttir, og ekkert er gert til að koma í veg fyrir það.

Að sjálfsögðu eru mörg dæmi þess, eins og í mínu tilfalli, að fólk rifur sig upp úr einangruninni og leitar að styrk og stuðningi á réttum stöðum, eins og t.d. Geðhjálp.

Staðreyndin er einfaldlega sú að þú verður að hjálpa þér sjálfur, það gerir enginn annar. En vonina og styrkinn til sjálfshjálpar færðu hjá t.d. Geðhjálp og klúbbum Geysi.

Ég vona að sem flestir sem eru einir þarna úti í þjóðfélaginu rífi sig upp og heimsæki Geðhjálp eða Geysi, því þar erum við öll jafningjar. Megi landsmenn allir njóta góðrar geðheilsu.

Höfundur er sjúklingur með geðhvörf.